

# Skólaráðsfundur

25.01.2018

Mættir: Svava, Haraldur fulltrúi nemenda, Elsa Lára og Manassa fulltrúar foreldra, Elín fulltrúi úr kennarahópi, John fulltrúi úr grenndarsamfélagi.

Forfallaðir eru Kristín Hulda, Hafrún og Helena.

## 1. Starfsáætlun skóla yfirfarin

Rætt um einstaka þætti áætlunarinnar og hún kynnt. Áætlunin er enn í vinnslu og verður birt á heimasíðu skólans. Í henni má finna upplýsingar um allt sem við kemur skólastarfinu, bæði kennslu, verkferlum þegar uppkoma mál, tenglar í lög og frekari upplýsingar og ýmsar upplýsingar sem við koma starfinu. Starfsáætlun skólans telur um 130 blaðsíður og í hana á að vera hægt að leita svara við vel flestum spurningum sem upp koma í starfi.

## 2. Móðurmálskennsla á öðrum tungumálum

Svava sagði frá að nú hefur bæst við eitt tungumál í skólanum – ewe sem talað er í Gana. Kennsla í móðurmáli er á 7 tungum í skólanum. Danska, pólska, tælenska, rússneska, tagalog, ewe og enska. Pólska, enska, danska, rússneska og ewe eru kenndar á staðnum, önnur mál í gegnum fjarkennslu.

## 3. Íslenskukennsla

Nýjar bækur hafa verið teknar inn íslenskukennslu á mið- og unglingastigi. Það eru bækurnar *Vertu ósýnilegur* og *Er ekki allt í lagi með þig?*. Þær bækur komu út fyrir jólin 2017 og þykja taka vel á málefnum sem varða samfélag okkar í dag.

## 4. Skólaskoðun

Gengið um skólann og mismunandi stofur skoðaðar

## 5. Skóladagatal

Farið yfir dagatal, skoðað hvort dagafjöldi passi.

Hugmynd um að útskýra betur á dagatali hvað litir þýða.

## 6. Önnur mál

- a. Hugmynd um fleiri gagnlega þætti í heimilisfræði sem snýr að því að þau geti sjálf eldað sér einfalda rétti heima svo sem grilla samloku, sjóða hrísgrjón eða nota örbylgjuofn af öryggi.

Fundi slitið 10:05

Ritari: Elín Þ. Samúelsdóttir